

HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR

AÐALFUNDUR 2019

haldinn á Grensásdeild LHS mánudaginn 27. maí 2019 kl 17:00 – 18:15

Áður en formlegur aðalfundur hófst bauð Stefán Yngvason yfirlæknir fundargestum að skoða húsnæði göngudeildar á 3. hæð og ný tæki og búnað sem félagið hefur gefið til deildarinnar.

Guðrún Pétursdóttir formaður HG setti fundinn kl. 17:00 og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Páll Svavarsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Ennfremur lagði hún til að Ottó Schopka tæki að sér fundarritun, sem einnig var samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar

Guðrún Pétursdóttir formaður HG kynnti skýrslu stjórnar sem dreift var á fundinum og er fylgiskjal með þessari fundargerð.

Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram, að stjórn félagsins hefur unnið að framgangi stækkunar húsnæðis Grensásdeildar með ýmsu móti og nú nýlega hefur tillaga að breytingu deiliskipulags verið auglýst til kynningar. Á árinu óskaði deildin eftir Shockmaster höggbylgjutæki sem félagið færði deildinni að gjöf.

Þá gerði formaður grein fyrir tekjulindum H.G., sem eru fyrst og fremst hinn árlegi basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Neskirkju sl.haust en aðrar tekjulindir eru félagsgjöld, minningarkort, söfnunarfé í afmælisbæk, afrakstur „Mótorhjólamessu“ séra Gunnars Sigurjónssonar „kraftaklerks“, ýmsir styrkir og áheit m.a. frá Reykjavíkur- maraþoni, auk þess sem einstaklingar gáfu fjármuni til minningar um ástvini.

3. Samþykkt ársreikninga

Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri HG dreifði ársreikningum, gerði ítarlega grein fyrir þeim og svaraði fyrirspurnum og voru þeir síðan samþykktir samhljóða. Fram kom að tekjuafgangur félagsins á síðasta ári nam 8,5 millj. kr. og hrein eign nam 153,7 millj. kr.

4. Árgjald

Stjórnin lagði til að árgjaldið yrði óbreytt kr. 2000 á þessu ári og var það samþykkt samhljóða.

5. Starfsáætlun komandi árs

Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á að styðja hinar brýnu endurbætur á húsnæði Grensásdeildar. Einnig verði veitt aðstoð til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

6. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga

Eftirtalin voru kjörin í aðalstjórn félagsins: Birgir Ingimarsson 250656 – 2899, Guðrún Pétursdóttir 141250-3969, Ottó Schopka 040941-3559 og Þórunn Þórhallsdóttir 090349-4739. Í varastjórn voru kosin Baldvin Jónsson 030173-5039 og Bryndís Björk Kristjánsdóttir 120666-5929.

Loks voru þau Jóhanna Jóhannesdóttir og Þór Jakobsson endurkosin skoðunarmenn reikninga.

7. Önnur mál

Stefán Yngvason yfirlæknir Grensásdeildar ræddi um fyrirhugaða viðbyggingu við Grensásdeild, og hversu brýnt er að hún verði að veruleika, svo deildin geti tekið á móti þeim sem þurfa á endurhæfingu að halda. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir skjólstæðinga, heldur er það þáttur í að leysa hinn alvarlega fráflæðisvanda LSH. Stefán hvatti stjórn HG til að ræða þessi mál við heilbrigðisráðherra. Í framhaldinu spunnust umræður um hvernig best væri að vinna í sameiningu að framgangi málsins.

9. Umboð til að samþykkja fundargerð



Að lokum lagði fundarstjóri til að stjórninni yrði veitt umboð til að ganga frá fundargerð aðalfundarins, og veitti fundurinn það.

Síðan þakkaði formaður Páli góða fundarstjórn, fundarmönnum góða fundarsetu og starfsfólki Grensásdeildar fyrir gott samstarf á árinu og sleit fundi.

Reykjavík 29.maí 2019

Ottó Schopka, fundarritari

Guðrún Pétursdóttir formaður stjórnar